

643. fundur

Fimmtudaginn 26. apríl 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR

Benedikt S. Benediktsson, FJR

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR

Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

Arnar Freyr Einarsson ANR

1. Lögð fyrir fundargerð 642. Staðfest.
2. Lögð var fram niðurstaða aukaútbóðs á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópusambandinu, sem er útgefin skv. samningi milli Íslands og Evrópusambandinu um viðskipti með landbúnaðarvörur, á grundvelli 19. gr. EES samningsins með vísun til 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 318/2018 fyrir tímabilið 1. maí til 31. desember 2018.

Föstudaginn 20. apríl sl. rann út tilboðsfrestur í tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum frá Evrópusambandinu samkvæmt reglugerð nr. 318/2018 fyrir tímabilið 1. maí – 31. desember 2018. Samtals bárust 17 gild tilboð í tollkvótann.

Nautgripakjöt í vörulið 0202. Níu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á nautgripakjöti, samtals 320.000 kg. á meðalverðinu 436 kr./kg. Hæsta boð var 850 kr./kg. en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá átta fyrirtækjum um innflutning á 99.333 kg. á meðalverðinu 799 kr./kg.

Svínakjöt í vörulið 0203. Tíu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á svínakjöti, samtals 473.667 kg. á meðalverðinu 192 kr./kg. Hæsta boð var 450 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 166.667 kg. á meðalverðinu 343 kr./kg.

Alifuglakjöt, í vörulið 0207. Ellefu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á alifuglakjöti, samtals 840.667 kg á meðalverðinu 425 kr./kg. Hæsta boð var 690 kr./kg en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 218.667 kg á meðalverðinu 612 kr./kg.

Kjoti og ætum hlutum af dýrum, saltað í saltlegi, þurrkað eða reykt;...() í vörulið ex 0210.** Sex tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á kjöti og ætum hlutum af dýrum, saltað í saltlegi, þurrkað eða reykt;...(**), samtals 56.000 kg. á meðalverðinu 254 kr./kg. Hæsta boð var 361 kr./kg. en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá fjórum fyrirtækjum um innflutning á 33.333 kg. á meðalverðinu 333 kr./kg.

Ostar og ystingur í vörulið 0406. Fjórtán tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á ostum og ystingi á vörulið 0406, samtals 239.000 kg. á meðalverðinu 461 kr./kg. Hæsta boð var 1.050 kr./kg. en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 50.000 kg. á meðalverðinu 816 kr./kg.

Ostur og ystingur í vörulið ex 0406;...().** Níu umsóknir bárust um tollkvóta vegna innflutnings á ostum og ystingi á vörulið ex 0406...(**) samtals 135.667 kg. Á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 318/2018 var úthlutað 15% af umsóttu magni til hvers fyrirtækis. Samtals var úthlutað 36.667 kg., til níu fyrirtækja.

Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti.... í vörulið 1601. Átta tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á pylsum og þess háttar vörum úr kjöti.... á vörulið 1601, samtals 119.000 kg. á meðalverðinu 336 kr./kg. Hæsta boð var 690 kr./kg. en lægsta boð var 5 kr./kg. Tilboðum var tekið frá átta fyrirtækjum um innflutning á 66.667 kg. á meðalverðinu 451 kr./kg.

Annað kjöt.... í vörulið 1602. Tíu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á öðru kjöti.... á vörulið 1602, samtals 122.500 kg. á meðalverðinu 384 kr./kg. Hæsta boð var 1.000 kr./kg. en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá níu fyrirtækjum um innflutning á 80.000 kg. á meðalverðinu 588 kr./kg. Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða og/eða umsókna þeirra:

Kjöt af nautgripum, fryst, 0202

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
20.000	Aðföng
2.000	Ásbjörn Ólafsson ehf
30.000	Ekran ehf
6.000	Garri ehf
18.333	Innnes hf
10.000	Kjarnafæði ehf
5.000	Krónan hf
8.000	Sælkeradreifing ehf

Svínakjöt, fryst, 0203

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
8.000	Aðföng
10.000	Ekran ehf
800	Garri ehf
40.000	Kjarnafæði ehf
91.867	Mata ehf
16.000	Sláturfélag Suðurlands ehf

Kjöt af alifuglum, fryst, 0207

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
188.096	Aðföng hf
4.000	Garri ehf
2.000	Innnes ehf
20.708	Mata ehf
3.863	Sælkeradreifing ehf

Kjöt og ætir hlutar af dýrum.. ex 0210

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
15.555	Aðföng hf
15.000	Ekran ehf
1.000	Garri ehf
1.778	Sælkeradreifing ehf

Ostur og ystingur 0406

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
6.300	Aðföng
20.000	Ekran ehf
700	Garri ehf
1.000	Mini Market ehf
20.000	Mjólkursamsalan hf
2.000	Sælkeradreifing ehf

Ostur og ystingur ex 0406 Úthlutun á gr.v. 5. gr. reglugerðar nr. 318/2018

Úthlutað magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.500	Aðföng hf
5.500	Ekran ehf

5.500	Innnes ehf
5.500	Mata ehf
5.500	Mjólkursamsalan hf
5.000	Nautica ehf
3.000	Samkaup hf
1.167	Sælkeradreifing ehf

[65. gr. B. [Ráðherra] ¹⁾ úthlutar tollkvótum sem tilgreindir eru í [5. mgr. 12. gr.] ²⁾ tollalaga er varða aðrar skuldbindingar Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þær sem greinir í 65. gr. og 65. gr. A enda sé tollur lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005, greinir. Úthlutun tollkvóta skal fara eftir ákvæðum 65. gr. [Þó skal ráðherra úthluta tollkvóta sem fellur undir vörulið 0406 samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög eftir hlutkesti en hver aðili hljóti þó að hámarki 15% af heildarmagni ef viðkomandi vara er skráð í samræmi við reglur um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.] ²⁾

Pylsur og þess háttar vörur 1601

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
26.167	Aðföng
10.000	Ekran ehf
500	Garri ehf
4.000	Innnes ehf
5.000	Krónan hf
16.000	Mini Market ehf
2.000	Mata ehf
3.000	Sælkeradreifing ehf

Annað kjöt, hlutar úr dýrum.. 1602

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
3.000	Ekran ehf
2.500	Garri ehf
20.000	Innnes ehf
14.000	KFC ehf
5.000	Krónan hf
2.000	Mini Market ehf
6.000	Nautica ehf
20.000	Parlogis ehf
7.500	Sælkeradreifing ehf

3. Tekið var fyrir erindi Sambands verslunar og þjónustu dags. 6. apríl 2018 um að borist hefðu ábendingar um viðvarandi skort á kjúklingavængjum. Þann 11. apríl 2018 sendi nefndin tölvupóst til dreifingaraðila og framleiðenda kjúklingakjöts, þar sem óskað var afstöðu þeirra til þess hvort þau teldu að vöntun eða fyrirsjáanleg vöntun yrði á kjúklingavængjum. Miðað við fyrirliggjandi gögn telur nefndin því ekki að skilyrði 2. mgr. 65. gr. A. búvörulaga séu uppfyllt og því sé ekki um skort eða yfirvofandi skort að ræða í skilningi ákvæðisins. Þá er vakin athygli á að nýverið var auglýst úthlutun á ESB tollkvótum frá og með 1. maí nk. sbr. reglugerð nr. 318/2018 og reglugerð nr. 374/2018 (1.) breyting á reglugerð nr. 318/2018. Einnig er verið að undirbúa úthlutun á árlegum WTO tollkvótum sem tekur gildi frá og með 1. júlí 2018. Send verður út tilkynning vegna málsins.
4. Tekið var til framhaldsumræðu erindi frá Sölufélagi garðyrkjumanna dags. 5. apríl sl. þar sem bent var á að fyrirsjáanleg vöntun sé á kartöflum á markaðinn. Kannað var birgðamagn hjá kartöflubændum á Norðurlandi, Þykkvabæ og Hornafirði, 6., 10., 17. og 23. apríl og haft samband við Samband garðyrkjubænda.

Fleira ekki gert og fundi slitið.